

Alþingi
Erindi nr. P 130/1089
komudagur 24.2.2004



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 - Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24.2.2004

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Á fundi sínum þann 19.2. sl. tók sveitarstjórn fyrir neðangreind erindi nefndarinnar og var afgreiðsla sveitarstjórnar sem hér segir:

a. Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Lagt fram erindi dags. 5.2. sl. frá umhverfisnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál. Óskað er eftir svari eigi síðar en 23.2. nk. Sveitarstjórn taldi fyrirvarann of skamman enda fyrirhugaður fundur með landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu um málefnið. Taldi sveitarstjórn því ekki tímabært að taka efnislega afstöðu til málsins enda liggi ekki fyrir hvað fyrirhuguð friðun feli í sér fyrir nýtingu svæðisins til framtíðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jóhann Guðni Reynisson
sveitarstjóri

Þingeyjarsveit